

Stjórnarfundur Landsbyggðin lífi haldinn 15. maí 2025 kl. 20:30 á netinu.

Mættir: Stefanía Gísladóttir, Guðrún Torfhildur Gísladóttir, Hafrún Káradóttir, Sigríður B. Svavarsdóttir og Hildur Þórðardóttir, sem ritar fundargerð, Vigfús Ingvar Ingvarsson kom inn síðar.

1. Styrkur vegna sænsku kvennanna er ekki enn kominn. Búið að greiða það úti, en hefur ekki komið til okkar. Kemur í ljós að gefið var upp rangt IBAN númer sem stemmdi ekki við gjaldeyrisreikninginn. Sigríður gjaldkeri ætlar að fara í bankann á morgun og kanna hvort fjármagnið liggi á biðreikningi. Á fundinum var kannað hvort sömu mistökin hafi verið gerð við Nordplus styrkinn en svo var ekki.

2. Fengum styrkinn í verkefninu Coming living staying en bara hluta af því sem við sóttum um. Styrkurinn dreifist á milli sex aðila. Það verður rætt frekar á næsta verkefnafundi hvernig á að koma á móts við það.

Við höfum eitt ár til að skipuleggja viðburðinn sem er áætlaður í apríl 2026.

Stefanía og Hildur sendi skilaboð til Ísafjarðar um að við höfum fengið styrkinn. Láta Akureyri líka vita.

3. Málþing 12. júní í tengslum við Coming Living Staying – á netinu – hvernig þeir bjóða nýja íbúa velkomna á staðinn – við þurfum að dreifa kynningarefninu til að fá sem flesta þátttakendur. Mælst er til að allir stjórnarmenn prenti út kynningarblaðið og hengi upp á góðum stöðum.

4. Skotlandsferðin. Allir komast með. Stjórnarmenn utan höfuðborgarsvæðisins skrái sig undir framfarafélögin.

Ákveðið að fljúga öll saman til Glasgow 19. október og heim 25. október. Fólki auðvitað frjálst að vera lengur á eigin kostnað. Allir taka lest saman frá Glasgow til Aberdeen þann 19. október. Þingið byrjar 20. október kl. 6:30 og er til fimmtudagsins 23. október kl. 13. Stefanía og Hildur bóka hótél (5 herbergi) í Aberdeen fyrir allan hópinn nóttina 19. október.

5. Sigríður vakti athygli á því að við þurfum að fara að hugsa um aðalfundinn og hvar á að halda hann. Á höfuðborgarsvæðinu að þessu sinni. Kanna með Grindavík (eða Flúðir) og hvort það sé salur og aðstaða. Athuga með laugardaginn 4. október 2025. Verið er að ræða við Önnu Sigríður á Akureyri um að koma inn í stjórn í haust. Þeir sem ganga í stjórn geta komið með til Skotlands. Allir stjórnarmenn viðstaddir ætla að halda áfram í stjórn nema Sigríður.

Fundi slitið kl. 21:55.

Viðbót: Eftir að fundi var slitið kom í ljós að Flugleiðir eru farnir að fljúga beint til Edinborgar og var ákveðið að fljúga frekar þangað þar sem það er nær Aberdeen og Inverurie. Flogið út 19. október og heim 24. október og samtökin borgi hótélkostnað þessar nætur. Fólki er frjálst að lengja dvölinu og borga þá hótélkostnað síðustu næturnar sjálf.